

Vagnakaskó bætir tjón á eftirvagni. Helstu bótaþættir eru árekstur, áakstur og útafakstur ökutækis sem dregur eftirvagninn, eldsvoði, þjófnaður og óveður, allt eftir því sem nánar er tilgreint í skilmála. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001

Vátryggður er skráður eigandi.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á Íslandi. Auk þess á ferðalagi í Evrópu í allt að 90 daga og í nauðsynlegum flutningi á milli landa, enda sé um árstryggingu að ræða. Vátryggðum er skylt að greiða tvöfalda upphæð eigin áhættu vegna tjóna sem verða erlendis.

2. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Vátryggingin tekur til eftirvagns ásamt venjulegum fylgihlutum hans, þ.m.t. lausafjár sem er sannanlega notað með eftirvagninum. Með orðinu eftirvagn er í þessum skilmálum átt við hjólhýsi, tjaldvagn eða fellihýsi eða aðra þá eftirvagna sem tilgreindir eru í vátryggingaskírteini.

3. gr. Hvað bætir vátryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á hinum vátryggða eftirvagni vegna eftirfarandi tjónsorsaka sem eru tæmandi upptaldar í skilmálum þessum:

- Áreksturs ökutækis sem dregur eftirvagninn, áaksturs eða útafaksturs.
- Eldsvoða, enda verði eldur laus í eftirvagni, og sprengingar sem stafa af honum eða ef í eftirvagn lýst elding.
- Ef ökutæki sem eftirvagninn dregur hrapar eða veltur.
- Grjóthruni úr fjallshlíð, snjóflóði úr fjallshlíð, skriðufalli og aur- eða vatnsflóði.
- Tjón á eftirvagninum af völdum hesta og nautgripa.
- Þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar, enda hafi eftirvagninn verið læstur með viðeigandi öryggisbúnaði. Bætur vegna tjóns af völdum þjófnaðar samkvæmt þessu ákvæði greiðast því aðeins að tjónsatburðurinn eigi sér stað á Íslandi.
- Skemmdarverk.
- Tjón af völdum óveðurs ef
 - eftirvagninn fýkur eða hurðir eða hlutar hans fjúka upp
 - eftirvagninn verður fyrir tjóni af völdum áfoks eða áhruns. Tjón af völdum sandfoks eða þess að möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á eftirvagninn bætist þó ekki.
- Flutningi á landi með sérstöku ökutæki. Enn fremur í flutningi með skipi milli hafna, enda sé flutningurinn liður í ferðalagi. Tjón af völdum sjóbleytu bætist þó ekki.
- Pallur eftirvagnsins fer af eða á hliðina þegar honum er lyft, hvort sem að eftirvagninn sjálfur veltur eða ekki. Vátryggður ber þó 50% hærri fjárhæð eigin áhættu en þá sem gildandi er á hverjum tíma í hverju tjóni sem bæt er skv. þessari grein.
- Þjörgun eða flutning hins vátryggða eftirvagns til næsta viðurkennds viðgerðarverkstæðis verði ökutæki sem eftirvagninn dregur óökufært vegna bótaskylds tjónsatburðar sem gerst hefur á Íslandi.
- Brot á rúðum, þó ekki vegna brots sem verður við úrtöku eða ísetningu. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist.

4. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón sem verða kann á eftirvagninum með þeim hætti eða við þær aðstæður sem hér eru tilgreindar:

- Þegar ökutæki, sem dregur eftirvagninn, er ekið þar sem akstur er óheimill vegna opinberra fyrirmæla, svo og við akstur á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur. Þó bætist tjón sem verða kann þegar ökumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. vegna viðgerða á henni.
- Þegar um er að kenna galla í efni eða smíði eftirvagnsins eða galla sem viðgerðaraðili ber ábyrgð á. Þó bætist tjón vegna þessa á öðrum hlutum eftirvagnsins, enda sé að öðru leyti um bótaskyld tjón að ræða samkvæmt skilmálum þessum.
- Þegar um er að kenna sliti eða ófullnægjandi viðhaldi eftirvagnsins
- Tjón af völdum sandfoks eða þess að möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á eftirvagninn bætist ekki.
- Skemmdir á eftirvagninum af völdum dýra bætast ekki, nema af völdum hesta og nautgripa.
- Tjón af völdum sjóbleytu bætist ekki.

Vátryggingin bætir ekki tjón vegna eftirtalinna skemmda sem varða einstaka hluta eftirvagnsins:

- Skemmdir er aðeins varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi og tjón vegna þjófnaðar á einstökum hlutum eftirvagnsins.
- Skemmdir á rafbúnaði eftirvagnsins er hljótast af skammhlaupi sem ekki veldur eldsvoða.
- Skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni eftirvagnsins, skemmdir á undirvagni er hljótast af því að eftirvagn tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, hraðahindrunum, ristarahliðum, holum í malbiki og jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir eftirvagn í akstri.
- Skemmdir á hvers kyns aukabúnaði eftirvagnsins, t.d. talstöðvum, farsímum, vörulyftum, máluðum auglýsingum og lausum toppgrindum nema annað hafi verið samið sérstaklega.

5. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?**Bætur fyrir altjón**

- a. Vátryggður getur farið fram á að félagið greiði bætur fyrir altjón gegn afsali fyrir eftirvagn, ef bæði neðangreind skilyrði eru fyrir hendi á tjónsdegi:
 - Ef liðnir eru minna en 12 mánuðir frá upphaflegri skráningu eftirvagnsins
 - Ef félagið metur viðgerðarkostnað meira en 45% af raunvirði eftirvagnsins.
- b. Vátryggingin greiðir einnig bætur fyrir altjón ef eftirvagninn verður fyrir svo miklum skemmdum að áætlaður viðgerðarkostnaður er hærri en raunvirði hans eða ef eftirvagninum er stolið á Íslandi og hann hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu var tilkynnt um atburðinn.
- c. Þegar greiddar eru bætur fyrir altjón ber félaginu að greiða raunvirði eftirvagnsins (vátryggingarverðmæti hans). Ef tjón er bætt sem altjón ræður félagið því hvort það greiðir raunvirðið gegn afsali fyrir eftirvagninum eða mismuninn á raunvirðinu og verðmæti eftirvagnsins eftir tjón. Félagið hefur rétt til þess að bæta tjónið með því að útvega annan eftirvagn sömu tegundar sem er sambærilegur að aldri, gerð og notkun gegn tilkalli til afsals hins vátryggða úr höndum vátryggingartaka.

Bætur fyrir hlutajón

- a. Skemmist ökutækið án þess að um altjón sé að ræða greiðir félagið kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er eins og það var síðast fyrir tjónið.
- b. Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.
- c. Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
- d. Vátryggingin bætir ekki óbeint tjón svo sem lækkun á markaðsverði, afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

6. gr. Sérákvæði um vátryggingarfjárhæð

Þrátt fyrir þá vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini er vátryggingarverðmæti ökutækisins aldrei hærri en raunvirði þess, það er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu.

7. gr. Varúðarreglur

Vátryggðum og þeim sem nota eftirvagninn er skylt að geyma hann á öruggum stað.

Vátryggðum svo og þeim sem nota eftirvagninn er skylt að gæta þess að eftirvagninn sé í lögmætu ástandi og í fullkomnu lagi. Sérstaklega skal sjá til þess að öryggistæki hans séu í lagi. Einnig skal sjá til þess að eftirvagninn sé laus við slit og viðhald hans fullnægjandi.

Vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ber að gæta þess að sá sem stjórnar ökutæki sem dregur eftirvagn hafi gild ökuréttindi.

Vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ber að gæta þess að hafa eftirvagninn læstan með viðeigandi öryggisbúnaði þegar hann er ekki í notkun og geyma lykla hans eða annan opnunarbúnað á öruggum stað.

Vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ber að geyma hið vátryggða þannig að ekki sé hætt á að það fjúki í slæmum veðurskilyrðum. Ekki skal nota eftirvagninn á svæðum þar sem varað hefur verið við akstri eða akstri með eftirvagn vegna óveðurs eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek. samkvæmt mælingum Veðurstofunnar.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.